

Fimmtudaginn 14. október 1982.

Nr. 192/1982. **Lúther Harðarson**
 gegn
Jóni Helgasyni og
Ævari Axelssyni.

Kærumál. Málskostnaður. Dómssátt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 14. september 1982, sem barst Hæstarétti 29. sama mánaðar, kærir sóknaraðili úrskurð bæjarþings Akureyrar frá 29. júní 1982 um málskostnað í bæjarþingsmálinu nr. 83/1982, en dómssátt var gerð í málinu þann dag og málskostnaður jafnframt úrskurðaður samkvæmt ákvæði í sáttinni sjálfri, sbr. 2. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 2. gr. laga nr. 28/1981.

Sóknaraðili krefst þess, að ályktarorð hins kærða úrskurðar verði felld úr gildi og varnaraðiljum gert að greiða sóknaraðilja málskostnað í héraði samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ miðað við hagsmuni, kr. 210.000.00 eða aðra lægri fjárhæð, svo og kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast þess, að kröfur sóknaraðilja verði ekki teknar til greina og að þeim verði tildæmdur hæfilegur kærumálskostnaður fyrir Hæstarétti.

Ályktunarorð hins kærða úrskurðar eru svohljóðandi: „Stefndi, Lúther Harðarson, greiði stefnendum, Jóni Helgasyni og Ævari Axelssyni, kr. 27.000.00 í málskostnað.“

Dómssáttin er svohljóðandi:

„Stefnendur falla frá kröfu sinni um riftun og taka við veðskuldabréfi með veði í íbúðinni Keilusiða 2 B, Akureyri, sem gefið var út af stefnda 25. febr. 1982 fyrir eftirstöðvum kaupverðs.

Stefndi lofar að koma framangreindu veðskuldabréfi í skil fyrir 1. ágúst 1982, þ. á m. með greiðslu dráttarvaxta.

Stefndi greiði stefnendum kr. 7.000,- í skaðabætur fyrir 1. ágúst 1982.

Stefnendur taka við deponeringu stefnda nr. 162/419, dags. 1. mars 1982, sem fullnaðargreiðslu á afborgun og vöxtum pr. 15. okt. 1981 af kaupverði bátsins.

Aðilar vísa ákvörðun um málskostnað til úrskurðar dómara, sbr. 2. gr. laga 85, 1936.

Greiðslustaður sáttarinnar er skrifstofa Páls S. Pálssonar hrl., Bergstaðastræti 14, Reykjavík.

Sáttin er aðfararhæf.

Lúther Harðarson.

Með fyrirvara um samþykki meðstefnda Jóns Helgasonar, Ævar M. Axelsson“.

Strax er dómssáttin hafði verið gerð, tók stefnandi bæjarþingsmálsins Ævar Axelsson við veðskuldabréfi því, sem greinir í dómssáttinni, og kvittun fyrir geymslufé, sem greinir í sáttinni. Fór síðan fram munnlegur málflutningur um málskostnaðarkröfur málsaðilja, en báðir aðiljar, stefnendur og stefndi, kröfðust málskostnaðar sér til handa með hliðsjón af þeim hagsmunum, sem um var deilt, en riftunar-krafa varðaði verðmæti að fjárhæð kr. 210.000.00. Til vara var krafist miðunar við lægri fjárhæð að mati dómsins.

Málavextir í bæjarþingsmáli því, sem sáttin var gerð í, voru þeir, að varnaraðiljar, Jón Helgason, Kambahrauni 12, og Ævar Axelsson, Kambahrauni 23, báðir í Hveragerði, stefndu sóknaraðilja, Lúther Harðarsyni, Keilusiðu 2 B á Akureyri, hinn 1. mars 1982 fyrir bæjarþing Akureyrar hinn 4. sama mánaðar til þess að þola riftun á kaupum á vélbátnum Karli, ÁR 40, samkvæmt „svonefndu afsali frá 23. maí 1981“, en til vara, að greiðsla með skuldabréfi samkvæmt afsalsbréfi teljist öll í gjalddaga fallin. Þá var krafist málskostnaðar. Söluverð bátsins var kr. 210.000.00, sem átti að greiðast með tiltekinni bifreið að verðmæti kr. 35.000.00 og með því að kaupandi (sóknaraðili þessa kærumáls) gæfi út veðskuldabréf með veðrétti í Keilusiðu 2 B, 30% árs-

vöxtum og endurgreiðslu höfuðstóls þannig, að kr. 40.000.00 greiddust 15. október 1981, en 67.500.00 í hvort skipti hinn 15. maí 1982 og 28. desember 1982. Þegar til bæjarþingsmálsins var stofnað, hafði stefndi í því (sóknaraðili þessa kærumáls) greitt samtals kr. 35.000.00 af afborgun þeirri, sem greiða átti 15. október 1981, en sama dag og stefna var út gefin (1. mars 1982) deponerar hann eftirstöðvum afborgunar 15. október 1981 ásamt vöxtum og kostnaði, samtals kr. 35.179.00. Var veðskuldabréfið þá í skilum og höfuðstóll eftirstöðva þá kr. 135.000.00.

Varnaraðiljar halda því fram, að 3. mgr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973 standi því í vegi, að úrskurður héraðsdómara um málskostnað geti orðið kærður til Hæstaréttar. Á þetta verður eigi fallist. Í ákvæði 4. mgr. 5. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, svo sem þeim lögum er breytt með 6. gr. laga nr. 28/1981, er ný kærueimild, sem lögtekin er í sambandi við grundvallarbreytingar á réttarfarslögum að því er sáttir varðar og í samræmi við ákvæði 12. gr. laga nr. 75/1973. Var sóknaraðilja því kæra heimil.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að sóknaraðili í þessu kærumáli, sem var stefndi í héraði, skuli greiða málskostnað til varnaraðilja. Þykir hann hæfilega ákveðinn 18.000.00 krónur.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Sóknaraðili, Lúther Harðarson, greiði varnaraðiljum, Jóni Helgasyni og Ævari Axelssyni, 18.000.00 krónur í málskostnað í bæjarþingsmáli nr. 83/1982 fyrir bæjarþingi Akureyrar að viðlagðri aðför að lögum.

Kærumálskostnaður fellur niður.